

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

*EFS*

Bæjarstjórn Reykjaneshús  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjaneshús

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólgsgötu 7, 150 Reykjavík

Efni: Fjármál Reykjaneshús

Reykjavík 6. janúar 2020  
Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Vísað er til aðlögunaráætlunar Reykjaneshús dags. 18. apríl 2017 og bréfs sveitarfélagsins dags. 24. október sl. Í bréfi Reykjaneshús er óskað eftir umfjöllun og samþykki eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að hækka ramma fjárhagsáætlunar 2020 í aðlögunaráætlun.

Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga samþykkti Reykjaneshús aðlögunaráætlun um hvernig fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga yrði náð. Heimilt er að gera ráð fyrir að viðmiðunum verði náð á allt að tíu árum, allt fram til ársloka 2022.

Eftirlitsnefndin hefur borist fjárhagsáætlun Reykjaneshús fyrir tímabilið 2020-2023. Við yfirferð á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er ekki annað sjá en sveitarfélagið uppfylli fjárhagsleg viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og áformi á tímabili fjárhagsáætlunar að viðmiðin verði uppfyllt.

Í samræmi við 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um aðlögunaráætlunar er það niðurstaða eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að Reykjaneshús uppfylli fjárhagsleg viðmið laganna og aðlögunaráætlun Reykjaneshús dags. 18. apríl 2017 sé þannig úr gildi fallin. Bæjarstjórn Reykjaneshús er þannig ekki lengur skyld að bera undir eftirlitsnefndina óskir um breytingar á aðlögunaráætlun og starfar sveitarfélagið nú eftir almennum ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

*Pótr Olafsson*  
Pótr Olafsson  
formaður

*Eiríkur Benónýsson*

Eiríkur Benónýsson